



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir gististað; gistiheimili (Hótel Óðinsvé Apartments) að Grettisgötu 2a, F2006166, rými 01 0101.

Nafn leyfishafa: Hótel Óðinsvé hf.

Heimilisfang: Þórsgata 1, 101 Reykjavíkurborg

Kennitala: 670514-0640

Gildir frá: 12. febrúar 2026

Gildir til: 12. febrúar 2038

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 12. febrúar 2026


Tómas Guðjónsson
HEILBRIGÐISEFTIRLIT
REYKJAVÍKUR



Greinargerð með starfsleyfi fyrir gistiheimilið Hótel Óðinsvé Apartments að Grettisgötu 2a.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsti drög að starfsleyfi fyrir gististað; tegund gistiheimili, Hótel Óðinsvé Apartments að Grettisgötu 2a þann 5. janúar 2026 ásamt eftirtöldum gögnum: Umsókn um starfsleyfi, Drögum að starfsleyfi, Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði, Rekstrarleyfisumsókn Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og Jákvæðri umsögn byggingarfulltrúa um að húsnæði og fyrirhuguð starfsemi gististaðarins séu í samræmi við byggingarreglugerð og skipulag.

Frestur til að koma með skriflegar athugasemdir var til 2. febrúar 2026. Umsækjandi um starfsleyfi er Hótel Óðinsvé hf., kt. 670514-0640.

Engar athugasemdir bárust vegna fyrirhugaðs rekstrar gistiheimilis að Grettisgötu 2a.

Umsókn Hótel Óðinsvéa hf., kt. 670514-0640, dags. 16. desember 2025, að loknu auglýsingaferli, var lögð fyrir 1892. afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 12. febrúar 2026, um starfsleyfi fyrir gististað; gistiheimili (Hótel Óðinsvé Apartments) að Grettisgötu 2a, F2006166, rými 01 0101. Eigendaskipti. Samþykkt var að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði.*

Reykjavík, dags. 10.04.2026

Aron Jóhannsson, heilbrigðisfulltrúi